

Ed.

117. Nefndarálit

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur frumvarpið þarft og fellst á það í öllum aðalatriðum. Leggur nefndin því til, að frumvarpið nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 3. gr. orðist þannig:

Þeir 1000 kr. hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, þar með talin börn hjá foreldrum, er giftst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 8 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir

20 ára aldur. Hlutkesti milli hjúa ræður, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gift á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

2. Við 4. gr. Í stað »landssjóðs« í síðari málsgrein komi:
rikissjóðs.

Alþingi, 9. mars 1921.

Hjörtur Snorrason, Guðm. Ólafsson,
formaður og ritari. fundaskrifari og framsögum.

Sigurður Jónsson.